

Þau gögn, sem stefnandi hefur lagt fram eftir þingfestingu málsins, lúta öll að því að sanna framburð stefnanda hér fyrir dómi, en eins og áður er rakið, er töluvert ósamræmi á milli hans og málavaxtalýsingar stefnanda í stefnu og sáttakæru. Framburður stefnda er fremur í samræmi við málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu, en þó ekki þannig, að af honum verði séð, hvernig viðskiptum þeirra málsaðiljanna var í raun og veru háttað. Ekki hafa lögmenn aðiljanna lagt fram nein gögn um víxilviðskipti þeirra aðiljanna í umræddum sparisjóði eða önnur þau gögn, er upplýst gætu mál þetta.

Að öllu þessu athuguðu þykir rekstur máls þessa alls brjóta svo mjög í bága við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran mála-tilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls, að vísa beri því frá dómi ex officio.

Rétt þykir, að hvor málsaðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. september 1964.

Nr. 144/1964. Arnór Sigurðsson

gegn

Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni
f. h. sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og sýslu-
sjóðs Skagafjarðarsýslu.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramenn Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línal.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar:

Halldór Þ. Jónsson, skipaður setudómari í máli þessu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með bókun í þinghaldi 2. september 1964 kært til Hæstaréttar synjun setudómarans um að víkja sæti í máli þessu. Hæstarétti hafa ekki borizt frá honum kröfur né greinargerð, sbr. 23. gr. laga nr. 57/1962. Frá varnaraðilja hafa ekki heldur borizt kröfur né greinargerð.

Samkvæmt gögnum málsins hefur Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður, sem er fyrirsvarsmaður varnaraðilja, ritað kvaðningu á héraðsstefnu á hendur sjálfum sér, þingfest málið og tekið við dómskjöllum. Í sama þinghaldi kvað hann upp úrskurð um, að hann viki sæti í málinu, en bókaði að því loknu mótmæli af hálfu stefnda í héraði gegn skjöllum þeim, er sækjandi hafði lagt fram. Þessi málsmeðferð hins reglulega héraðsdómara brýtur svo í bága við ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, að ómerkja verður meðferð máls þessa í héraði frá upphafi. Þá skal þess og getið, að setudómarinn, Halldór Þ. Jónsson, mátti ekki fara með málið, eftir að hann var skipaður fulltrúi hins reglulega dómara, sbr. 7. tölulið fyrrnefndrar 36. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði á frá upphafi að vera ómerk.

Úrskurður bæjarþings Sauðárkróks, 2. september 1964.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 31. október 1963, af Arnóri Sigurðssyni gegn sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, og gerir hann þær kröfur, að ummæli um hann í 81. atriði sýslufundargerðar 1962, sbr. dskj. nr. 6, verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar til birtingar dóms í málinu og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Lögmaður stefnanda í máli þessu hefur nú gert þá kröfu, að settur dómari í málinu viki sæti, og byggir þá kröfu á því, að hann hafi frá 1. ágúst s.l. verið ráðinn fulltrúi við embætti sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðár-

króki, en Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður sé fyrirsvarsmaður stefnda og eigi aðild að málinu. Setudómariinn hafi verið skipaður til starfans, áður en hann var ráðinn fulltrúi við embættið, en eigi sem slíkur, og megi telja ólíklegt, að hann hefði verið skipaður til starfans, ef hann hefði þá verið fulltrúi fyrirsvarsmanns aðilja í málinu og þar með undir hann settur.

Hinn reglulegi dómari vék sæti í máli þessu ex officio samkvæmt 36. gr., 1. tölulið, laga nr. 85/1936.

Núverandi dómari máls þessa var skipaður setudómari í málinu hinn 14. apríl 1964, en hinn 1. ágúst s.l. var hann ráðinn fulltrúi við embætti sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki.

Í 37. gr., 3. mgr., laga nr. 85/1936 er ákvæði um, að fulltrúi dómara sé án sérstakrar skipunar óhæfur til að vinna þau dómaraastörf, sem dómari má ekki vinna, sbr. 36. gr. sömu laga. Virðist af því mega álykta, að með sérstakri skipun geti fulltrúi dómara farið með og dæmt slík mál.

Engin efni virðast því standa til, að krafa lögmanns stefnanda sé tekin til greina.

Ályktarorð:

Kröfu stefnanda er synjað.

Setudómara ber ekki að víkja sæti í máli þessu.
